
From: Páll Gunnar Pálsson - SAMK
Sent: miðvikudagur, 5. október 2022 08:21
To: benedikt.arnason; Valur Þráinsson -SAMK
Subject: RE: Stjórnunar- og eignatengsl - Drög að frétt
Attachments: FRÉTT - DRÖG - Stjórnunar- og eignatengsl SE IV.docx; Fréttatilkynning - stjórnunar- og eignatengsl - 5. október 2022.docx

Sæll,

Við fengum líka ábendingar vegna fréttarinnar frá Seðlabankanum. Niðurstaðan er sú að gera meiri greinarmun á annars vegar skýrslunni sjálfri og hins vegar samstarfi stofnanan (hinu undirliggjandi pilot-verkefni). M.ö.o. leiðir samráðsferlið um fréttatilkynninguna í ljós að Seðlabankinn og Fiskistofa vilja að það sé einhvern veginn ljóst að skýrslan og efni hennar sé ekki á þeirra ábyrgð, en vilji þeirra til samstarfs hins vegar óbreyttur. Þetta er eðlileg nálgun af þeirra hálfu og raunar heppilegri, ef eitthvað er.

Við gerðum því örlitlar breytingar á fréttinni okkar með þetta í huga og leggjum einnig til lítilsháttar breytingu á frétt ráðuneytisins, til samræmis við þetta.

Láttu vita sem fyrst ef þú hefur athugasemdir, svo við getum sent lokadrög á hinar stofnanirnar.

Með bestu kveðju,

Páll Gunnar Pálsson
Forstjóri | pall@samkeppni.is

From: Páll Gunnar Pálsson - SAMK
Sent: þriðjudagur, 4. október 2022 13:57
To: Benedikt Arnason <benedikt.arnason@mar.is>; Valur Þráinsson -SAMK <valur.thrainsson@samkeppni.is>
Subject: RE: Stjórnunar- og eignatengsl - Drög að frétt

Sæll,

Eftir samtal við Ögmund fiskistofustjóra langar mig að gera smá breytingar á fréttinni (í trakki), sem dregur þá betur fram markmið hins undirliggjandi „pilot-verkefnis“, þ.e. bætt umgjörð og samstarf.

Með bestu kveðju,

Páll Gunnar Pálsson
Forstjóri | pall@samkeppni.is

From: Benedikt Arnason <benedikt.arnason@mar.is>
Sent: sunnudagur, 2. október 2022 07:56
To: Páll Gunnar Pálsson - SAMK <pall.g.palsson@samkeppni.is>; Valur Þráinsson -SAMK <valur.thrainsson@samkeppni.is>
Subject: RE: Stjórnunar- og eignatengsl - Drög að viljayfirlýsingu og samningi við Samkeppniseftirlitið

Sælir

Mér líst vel á ykkar tilkynningu. Ég er búinn að taka upptalningu út úr tilkynningu MAR en setja stuttan texta í staðinn, sjá meðfylgjandi skjal.

Við stefnum á að birta tilkynninguna eftir fund samráðsnefndar um sjávarútvegsstefnu á miðvikudaginn, komi ekki athugasemdir um það frá ykkur.

bkv

Benedikt

**Benedikt Arnason, ráðuneytisstjóri / Permanent Secretary**

Skrifstofa ráðherra / Department of the Minister
Matvælaráðuneyti / Ministry of Food, Agriculture and Fisheries
Borgartún 26, 105 Reykjavík, Iceland
Sími / Tel: (+354) 545 9700
www.mar.is - [Fyrirvari/Disclaimer](#)

Vinsamlegast hugið að umhverfinu áður en tölvupósturinn er prentaður / Please consider the environment before printing

Frá: Páll Gunnar Pálsson - SAMK <pall.g.palsson@samkeppni.is>

Sent: miðvikudagur, 28. september 2022 22:35

Til: Benedikt Arnason <benedikt.arnason@mar.is>; Valur Þráinsson -SAMK <valur.thrainsson@samkeppni.is>

Efni: RE: Stjórnunar- og eignatengsl - Drög að viljayfirlýsingu og samningi við Samkeppniseftirlitið

Sæll Benedikt,

Hér koma drög að frétt SE, sem þú mættir kíkja á.

Eins og þú sérð af fréttinni finnst okkur mikilvægt að taka upp ítarlegu lýsinguna á verkefninu, sem fram kemur í samningnum, enda rýmar það vel við forræði eftirlitsins á athuguninni sjálfri. Það myndi leyfa ráðuneytinu að vera með styttri samandregna lýsingu í staðinn fyrir málsgreinina með upptalningunni, t.d. eftirfarandi: „Í athuguninni felst upplýsingasöfnun og kortlagning sem hefur það að markmiði að varpa ljósi á eignarhald eins sjávarútvegsfyrirtækis í öðrum fyrirtækjum, áhrifavald eigenda sjávarútvegsfyrirtækja í fyrirtækjum sem og að auka gagnsæi um stjórnunar- og eignatengsl.“

Þetta er allt til umræðu. Við Valur stefnum svo á að vera búnir að ræða betur við stofnanirnar áður en ráðuneytið birtir fréttina í næstu viku, en Valur er að koma til vinnu eftir frí.

Með bestu kveðju,

Páll Gunnar Pálsson

Forstjóri | pall@samkeppni.is

From: Páll Gunnar Pálsson - SAMK

Sent: þriðjudagur, 27. september 2022 13:21

To: Benedikt Arnason <benedikt.arnason@mar.is>; Valur Þráinsson -SAMK <valur.thrainsson@samkeppni.is>

Subject: RE: Stjórnunar- og eignatengsl - Drög að viljayfirlýsingu og samningi við Samkeppniseftirlitið

Sæll,

Ég var að drafta frétt SE um hið sama. Það er gott að lesa fréttirnar tvær saman svo allt sé úthugað. Sendi þér hana þegar Valur o.fl. eru búnir að lesa.

Með bestu kveðju,

Páll Gunnar Pálsson

Forstjóri | pall@samkeppni.is

From: Páll Gunnar Pálsson - SAMK

Sent: föstudagur, 16. september 2022 14:13

To: Benedikt Arnason <benedikt.arnason@mar.is>; Valur Þráinsson -SAMK <valur.thrainsson@samkeppni.is>

Subject: RE: Stjórnunar- og eignatengsl - Drög að viljayfirlýsingu og samningi við Samkeppniseftirlitið

Sæll Benedikt,

Þetta lítur mjög vel út. Stjórn Samkeppniseftirlitsins er búin að fjalla um samninginn svo mér er ekkert að vanbúnaði að skrifa undir.

Við hraðan yfirllestur staldra ég þó við eftirfarandi, sem mér yfirsást um daginn: Í 2. málsl. 5. gr. og 3. málsl. 2.mgr. 6.gr. er vísað til verkáætlunar. Mig minnir að við höfum rætt að það væri ekki þörf á því að setja fram þá verkáætlun sem hluta af samningnum.

Ég bið þig því að hugleiða hvort við getum einfaldað þetta, sbr. tillögur í trakki. Þannig sé í 5.gr. ekki vísað í verkáætlun heldur „samning þennan“. Síðan finnst mér að fella megi niður 3.másl. 2.mgr. 6.gr. mætti, enda bætir það ákvæði litlu að engu við heimildir ráðuneytisins skv. 5.gr. til þess að ganga eftir efndum samningsins.

Góða helgi.

Með bestu kveðju,

Páll Gunnar Pálsson

Forstjóri | pall@samkeppni.is

From: Páll Gunnar Pálsson - SAMK

Sent: fimmtudagur, 8. september 2022 16:36

To: Benedikt Arnason <benedikt.arnason@mar.is>; Valur Þráinsson -SAMK <valur.thrainsson@samkeppni.is>

Subject: RE: Stjórnunar- og eignatengsl - Drög að viljayfirlýsingu og samningi við Samkeppniseftirlitið

Sæll Benedikt,

Hér eru drög samningnum, þar sem við erum búin að gera örliðlar breytingar sem allar miða að því að standa vörð um sjálfstæði eftirlitsstofnanna sem í hlut eiga og þar með trúverðugleika ráðuneytisins. Það væri gott að fá tækifæri til að labba í gegnum þetta.

Með bestu kveðju,

Páll Gunnar Pálsson

Forstjóri | pall@samkeppni.is

From: Benedikt Arnason <benedikt.arnason@mar.is>

Sent: mánudagur, 22. ágúst 2022 16:45

To: Páll Gunnar Pálsson - SAMK <pall.g.palsson@samkeppni.is>; Valur Þráinsson -SAMK <valur.thrainsson@samkeppni.is>

Cc: Þórunn Oddný Steinsdóttir <thorunn.steinsdottir@mar.is>

Subject: Stjórnunar- og eignatengsl - Drög að viljayfirlýsingu og samningi við Samkeppniseftirlitið

Sælir Páll Gunnar og Valur

Vísa í samtal við Pál Gunnar á föstudaginn. Hér meðfylgjandi eru til frekari umræðu drög að viljayfirlýsingu ráðuneyta og stofnana og samningi MAR við SE.

Við í MAR viljum að það verði látið á það reyna á næstu þremur vikum, þ.e. fyrir þingsetningu, hvort samkomulag geti tekist á milli stofnana um fyrirkomulag af þessu tagi. Það verður ansi þröngt um tíma fyrir MAR ef það verður dráttur á samkomulagi.


Í samningsdrögum er kveðið á um 30 m.kr. kostnað sem MAR greiðir. Við erum þó tilbúin í 5 m.kr. til viðbótar, eða í hámark 35 m.kr., ef þið sjáið fyrir ykkur viðbótarkostnað sem tengist þessu starfi með beinum hætti annan en þann sem kemur fram í excel-skjalinu í viðhengi, svo sem eins og ráðgjafarnefnd með erlendum sérfræðingum eða eitthvað því um líkt. Geri ráð fyrir að hver stofnun tilnefni starfsmann í vinnuhóp og stofnunin greiði fyrir hann. MAR greiði hins vegar fyrir sérfræðing sem kemur til starfa í þetta tiltekna verkefni eða annað fyrirkomulag, ef SE vill t.d. fremur nýta sinn eigin starfsmann. Geri ráð fyrir að þessi sérhæfði starfsmaður sé dýr, umtalsvert yfir meðallaunum. Bæti svo við launtengdum gjöldum og álagi vegna fasts kostnaðar, svo sem búnaðar, ferðalaga o.fl. Geri ráð fyrir þessum greiðslum frá 1. september 2022 til 31. desember 2023.

Það væri óskandi að Seðlabankinn væri líka með í verkefninu frá fyrsta degi. Sé í raun ekki af hverju svo ætti ekki að vera.

Ég set þórunni Oddnýju í afrit en hún mun sjá um lögfræðihlið sjávarútvegsstarfsins hjá okkur. Ég bið Val um að setja sig í samband við hana (s 694-1899) ef upp eru að koma lagaleg álitamál í vinnuhópi stofnananna. Svo erum líka bara tvær hæðir á milli.

Ég fæ að heyra í ykkur fyrir lok vikunnar um stöðuna. Ég er í burtu í næstu viku en ég mun óska eftir fundi með Guðmundi Árnasyni og Skúla Eggert í byrjun vikunnar 5. september.

bestu kveðjur
Benedikt



Benedikt Arnason, ráðuneytisstjóri / Permanent Secretary

Skrifstofa ráðherra / Department of the Minister

Matvælaráðuneyti / Ministry of Food, Agriculture and Fisheries

Borgartún 26, 105 Reykjavík, Iceland

Sími / Tel: (+354) 545 9700

www.mar.is - [Fyrirvari/Disclaimer](#)

Vinsamlegast hugið að umhverfinu áður en tölvupósturinn er prentaður / Please consider the environment before printing

Kortlagning á stjórnunar- og eignatengslum í sjávarútvegi

Samkeppniseftirlitið hefur ákveðið að hefja sérstaka athugun sem miðar að því að kortleggja stjórnunar- og eignatengsl sjávarútvegsfyrirtækja.

Athugunin byggir á d-lið 1. mgr. 8. gr. samkeppnislaga, en samkvæmt ákvæðinu er eitt af hlutverkum Samkeppniseftirlitsins að fylgjast með „*þróun á samkeppnis- og viðskiptaháttum á einstökum mörkuðum í íslensku viðskiptalífi og kanna stjórnunar- og eignatengsl á milli fyrirtækja.*“ Þar kemur einnig fram að stofnunin skuli birta skýrslur um athuganir sínar.

Fyrir liggur að yfirsýn og þekking á stjórnunar- og eignatengslum í íslensku atvinnulífi hefur mikla þýðingu í starfsemi fleiri stofnana en Samkeppniseftirlitsins, s.s. Fiskistofu, Seðlabanka Íslands og Skattsins. Samhliða athuguninni er því stefnt að auknu samstarfi þessara stofnana, en í því felst Mun Samkeppniseftirlitið því vinna að athuguninni í samstarfi við framangreindar stofnanir, að Vonir standa til þess að samstarf umræddra stofnana mun styrkjast, umgjörð um eftirlit eftirlit með stjórnunar- og eignatengslum í íslensku atvinnulífi verði styrkt mun batna, rutt verði úr vegi mögulegum hindrunum í samstarfi hlutaðeigandi stofnana stofnananna verður rutt úr vegi og auka um leið skilvirkni í stjórnáslueftirliti á þessu sviði aukin. Er Aukið samstarf framangreindra stofnana er til þess fallið að gera þeim betur kleift að sinna lögbundnum skyldum sínum.
Athugunin er unnin samstarfi við Fiskistofu, Seðlabanka Íslands og Skattinn. Fyrir liggur að yfirsýn og þekking á stjórnunar- og eignatengslum í íslensku atvinnulífi hefur mikla þýðingu í starfsemi þessarar fleiri stofnana, í íslenskri stjórnáslu, s.s. hjá Seðlabanka Íslands, Skattinum og Fiskistofu, Sem dæmi má nefna að Fiskistofa en síðastnefnda stofnunin hefur m.a. eftirlit með hámarksaflahlutdeild sjávarútvegsfyrirtækja. Er athuguninni ætlað að styrkja samstarf umræddra stofnana, skapa bættu umgjörð um eftirlit með stjórnunar- og eignatengslum í íslensku atvinnulífi, ryðja úr vegi mögulegum hindrunum í samstarfi stofnananna og auka um leið skilvirkni í eftirliti á þessu sviði. Aukið samstarf framangreindra stofnana er til þess fallið að gera þeim betur kleift að sinna lögbundnum skyldum sínum. Hafa stofnanirnar undanfarið átt í samskiptum sem miða að þessu.

Á vettvangi matvælaráðuneytisins stendur nú yfir heildarstefnumótun í sjávarútvegi. Hluti af því starfi er kortlagning stjórnunar- og eignatengsla í sjávarútvegi. Sem lið í þessari vinnu hefur matvælaráðuneytið nú gert samning við Samkeppniseftirlitið, sem gerir því kleift að hefja framangreinda athugun. Frétt ráðuneytisins er aðgengileg [hér](#).

Í athuguninni felst upplýsingasöfnun og kortlagning sem tekur að lágmarki til eftirtalinna þátta:

1. Hún taki til allra sjávarútvegsfyrirtækja sem eiga eða leigja fiskiskip með aflahlutdeildir sem fengið hafa úthlutun aflaheimilda með ákveðnum stærðartakmörkunum sem ákveðin verða á fyrstu stigum verkefnisins.
2. Hún varpi ljósi á eignarhald eins sjávarútvegsfyrirtækis (eða aðila, eins eða fleiri, sem hefur eða hafa yferráð yfir sjávarútvegsfyrirtæki) í öðrum sjávarútvegsfyrirtækjum.
3. Hún varpi ljósi á eignarhald eins sjávarútvegsfyrirtækis (aðila, eins eða fleiri, sem hefur eða hafa yferráð yfir sjávarútvegsfyrirtæki) í öðrum fyrirtækjum hér á landi, án tillits til þess á hvaða sviði þau starfa.

4. Hún varpi ljósi á áhrifavald eigenda sjávarútvegsfyrirtækja í gegnum beitingu atkvæðisréttar og stjórnarsetu í fyrirtækjum, sbr. afmörkun í liðum 2 og 3.
5. Hún auki gagnsæi um stjórnunar- og eignatengsl sem rakin eru í liðum 1-4.

Niðurstöður athugunarinnar verða settar fram í sérstakri skýrslu, en gert er ráð fyrir að hún liggi fyrir í lok árs 2023. Verður skýrslan aðgengileg öllum stjórnvöldum á þessu sviði. Við lok athugunarinnar er ennfremur stefnt að því að fyrir liggi bætt umgjörð um eftirlit og samstarf stofnana á þessu sviði.

Það verður síðan hvers stjórnvalds fyrir sig að ákveða hvernig efni hennar verður nýtt, í samræmi við lögmætar starfsskyldur þess. Skýrslan sjálf mun því ekki fela í sér ákvarðanir Samkeppniseftirlitsins eða annarra eftirlitsstofnana um frekari athuganir eða mögulega íhlutun á grundvelli þeirra laga sem stofnanirnar fylgja eftir.

Gerð verður nánari grein fyrir athuginni á síðari stigum.

MAR

Fréttatilkynning – drög

Vinna hafin við kortlagningu stjórnunar- og eignatengsla í sjávarútvegi

Á grunni stjórnarsáttmála og annarra áherslna matvælaráðherra vinnur matvælaráðuneytið nú að heildarstefnumótun í sjávarútvegi undir yfirskriftinni Auðlindin okkar. Liður í því starfi er kortlagning stjórnunar- og eignatengsla í sjávarútvegi.

Markmið matvælaráðherra með kortlagningu á stjórnunar- og eignatengslum í sjávarútvegi eru að stuðla að:

- Gagnsæi í eignarhaldi sjávarútvegsfyrirtækja
- Upplýstri stefnumótun stjórnvalda um regluumgjörð sjávarútvegs og breytingar á henni
- Því að á hverjum tíma sé farið að lögum og reglum á þessu sviði og að eftirlitsstofnanir geti sinnt hlutverki sínu og átt með sér samstarf.

Eftirlitsstofnanir sem hafa það hlutverk að fylgjast með stjórnunar- og eignatengslum í íslensku atvinnulífi hafa að eigin frumkvæði áformað að efla samstarf á þessu sviði, með það að markmiði að skapa heildstæðari og aðgengilegri yfirsýn yfir stjórnunar- og eignatengsl, nýta betur þekkingu á þessu sviði og styrkja greiningu og nauðsynleg úrræði.

Matvælaráðuneytið hefur gert samning við Samkeppniseftirlitið um að tryggja fjárhagslegt svigrúm til að Samkeppniseftirlitið geti, í samstarfi við Fiskistofu, Skattinn og Seðlabanka Íslands, ráðist í athugun á stjórnunar- og eignatengslum í sjávarútvegi. Samhliða er stefnt að auknu samstarfi stofnana á þessu sviði, þ.e. Samkeppniseftirlitsins, Fiskistofu, Skattsins og Seðlabanka Íslands.

Athugininni er fyrst og fremst ætlað að auka gagnsæi og bæta stjórnsýslu á sviði eftirlits með stjórnunar- og eignatengslum í sjávarútvegi. Í athugininni felst upplýsingasöfnun og kortlagning eignatengsla sjávarútvegsfyrirtækja sem hafa fengið úthlutað ákveðnu umfangi aflaheimilda og áhrifavaldi eigenda sjávarútvegsfyrirtækja í gegnum beitingu atkvæðisréttar og stjórnarsetu í fyrirtækjum.

Framangreind kortlagning verður sett fram í sérstakri skýrslu. Skýrslan verður afhent matvælaráðuneytinu eigi síðar en 31. desember 2023 og verður hún því aðgengileg ráðuneytinu í stefnumótunarvinnu um sjávarútveginn.

Skýrslan mun ekki fjalla um ákvarðanir Samkeppniseftirlitsins eða annarra eftirlitsstofnana um frekari athuganir eða íhlutun á grundvelli starfsheimilda eða starfsskyldna samkvæmt hlutaðeigandi lögum. Hún mun hins vegar nýtast Samkeppniseftirlitinu, Fiskistofu, Skattinum og Seðlabanka Íslands við þekkingaruppbyggingu og við beitingu lagafyrirmæla á viðkomandi sviði. Við vinnslu skýrslunnar er stefnt að því að mótuð verði upplýsingatækniugjörð sem nýtist við frekari kortlagningu og eftirlit með stjórnunar- og eignatengslum í íslensku atvinnulífi almennt.